

Ritdómur

Áhrifasaga Saltarans

eftir Gunnlaug A. Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, 629 bls.

Það er ekki á hverjum degi sem gefið er út rit á íslensku um Gamla testamentið eða einstakar bækur þess. Það er því mikið ánægjuefni að rit það sem hér er til umfjöllunar skuli hafa litið dagsins ljós. „Áhrifasaga Saltarans“ má að sönnu kallast *opus magnum* höfundar, Gunnlaugs Andreasar Jónssonar, prófessors í gamlatestamentisfræðum við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Frá því að doktorsritgerð hans um rannsóknarsögu *imago dei*-textans í 1Mós 1.26–27 kom út hefur hann fyrst og fremst beint sjónum sínum að túlkunar- og áhrifasögu Gamla testamentisins og höfuðáherslan í kennslu hans sem prófessors í gamlatestamentisfræðum hefur legið á því sviði. Fyrirliggjandi rit endurspeglar þann áhuga höfundar og í því birtir höfundurinn um leið niðurstöður athugana sinna á sviði áhrifasögu undanfarna tvo til þrjá áratugi í það minnsta.

Eins og titill bókarinnar gefur til kynna er viðfangsefni hennar fyrst og fremst áhrif Saltarans, eða Davíðssálma, á menningu og listir í aldanna rás með sérstakri áherslu á tvennt sem höfundur bendir á að hafi ekki verið gefinn nægilegur gaumur í viðlíka ritum erlendum, þ.e. annars vegar áhrif Davíðssálma á íslenska menningu (skiljanlega) en hins vegar áhrif þeirra í kvikmyndum. Bendir Gunnlaugur á það í inngangi, hvað síðarnefnda atriðið varðar, að hingað til hafi skort á áhuga erlendra fræðimanna á áhrifum Gamla testamentisins í kvikmyndum yfirleitt (bls. 76–78) en höfundur hafi leitast við það í skrifum sínum, í þessari bók sem annars staðar, að bæta þar úr. Þannig skipa kvikmyndir, þar sem á einhvern hátt er vísað til eða tekin upp þemu sem greina má í Davíðssálmum, veigamikinn sess í umfjöllun höfundar um hvern og einn þeirra sálma sem hann hefur valið til skoðunar í þessari bók, mismikinn þó eftir því sem efni standa til.

Ritið er þannig uppbyggt að í kjölfar formála og inngangs tekur við umfjöllun um hvern og einn hinna 23 sálma (Slm 42–43 eru þá taldir sem einn sálmur) sem höfundur hefur valið (sá grunur hlýtur að læðast að lesandanum að fjöldi þeirra sálma, sem fjallað er um í bókinni, þ.e. 23, sé meðvitað valinn af höfundi sem einhvers konar táknræn vísun í Slm 23 sem hann álitur vera „áhrifasögulega þungamiðju Saltarans“ (bls. 585–586)). Uppbygging allra kaflanna er hin sama: Kaflinn hefst á því að sett er fram þýðing viðkomandi sálms í Biblíunni 2007; því næst er fjallað um tegundarflokkun (þ. *Gattung*) sálmsins og aldur; í þriðja lagi kemur til skoðunar staðsetning sálmsins innan sálmasafnsins og efnisleg tengsl hans við aðra sálma; þessu fylgir innihaldslýsing og greining; þá kemur kafli (stundum tveir kaflar), sem ber mismunandi yfirskrift eftir því um hvaða sálm ræðir en efnislega er yfirleitt um að ræða dæmi um áhrif viðkomandi sálms á íslenska menningu og stundum bætir höfundur við kafla um áhrif sálmsins í erlendra menningarsögu (t.d. um áhrif Slm 24 á skáldskap írsku skáldkonunnar Cecil Frances Alexander (bls. 212–213)); þar á eftir fylgir undantekningarlaust kafli um kvikmynd sem er undir áhrifum af viðkomandi sálmi; og loks

lýkur höfundur umfjöllun sinni með því sem hann kallar „Guðfræðileg niðurstaða“. Smávægileg frávík geta verið á þessari uppbyggingu, svo sem í kaflanum um Slm 22 þar sem bætt er við undirkafla um notkun í Nýja testamentinu og hjá kirkjufeðrum. Að loknum köflunum 23 um hina einstöku sálma bindur síðan eftirmáli endahnúttinn á ritið með umfjöllun um áhrifasögu Saltarans í heild með undirköflum sem eru nokkurn veginn efnislega samsvarandi undirköflunum í köflunum um hina einstöku sálma.

Hér er um afar viðamikil verk að ræða og þ.a.l. ljóst að ómögulegt er fjalla um hvern einstakan kafla hér. Sem slíkt er ritið mikill brunnur upplýsinga á sviði áhrifasögu, ekki bara Davíðssálma heldur einnig Gamla testamentisins að öðru leyti. Höfundur er augljóslega gríðarvel að sér þegar kemur að biblíulegum áhrifum á hinum aðskiljanlegustu sviðum lista og menningar í sögu og samtíð og heimildaskrá ritsins ætti að verða hverjum þeim gagnleg sem stundar rannsóknir á Davíðssálmum.

Að því sögðu er rétt að beina sjónum að þeirri aðferðafræðilegu spurningu sem höfundur kemur ítrekað að í inngangi og meginniðurstaða ritsins varðar en hún snýst um samband þess fræðasviðs sem kallað er ritskýring annars vegar og þess fræðasviðs sem þetta rit kennir sig við og kallast áhrifasaga hins vegar. Sú skoðun leiðir óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að í raun sé um tvö aðskilin fræðasvið að ræða sem hvorugt útiloki hitt og því er ekki annað hægt en að gera athugasemd við þá staðhæfingu höfundar að áhrifasaga sé „nauðsynleg fyrir alla ritskýringu“ (bls. 65) og að í gagnrýnum biblíurannsóknum „sé einungis að finna eitt sjónarhorn af fjölmörgum“. Hér notar höfundur á óheppilegan hátt hugtökin „ritskýring“ og „áhrifasaga“ þannig að lesandinn fær þá mynd að ritskýringin geti ekki án áhrifasögu verið og jafnvel að áhrifasagan ein og sér geti komið í stað sögulegrar, gagnrýnnar rannsóknar frumtextanna. Í raun er þó vart hægt að hugsa sér að áhrifasagan geti hunsað niðurstöður ritskýringarinnar, í það minnsta ekki ef hún er stunduð sem hluti af fræðasviðinu gamlatestamentisfræðum. Í samhengi gamlatestamentisfræða hefur áhrifasagan fyrst og fremst merkingu ef viðtaka eða túlkun textans er metin í ljósi upphaflegrar merkingar textans eða markmiðs höfundar að svo miklu leyti sem sögulegri, málvísindalegri og bókmenntafræðilegri rannsókn textanna er kleift að leiða slíkt í ljós. Að öðrum kosti getum við lesið hvað sem er út úr textanum með túlkun hans á grundvelli áhrifasögu en það getur vart verið markmið og tilgangur gamlatestamentisfræða. Það er því ljóst að frumviðfangsefni gamlatestamentisfræða er og verður — líkt og hingað til — rannsókn og greining hins hebreska og arameíska texta Gamla testamentisins á sögulegum og textafræðilegum grunni. Það er jafnframt ljóst að sú spenna sem óneitanlega er til staðar á milli áherslunnar á sögulega, textafræðilega ritskýringu annars vegar og áhrifasögulega ritskýringu hins vegar á sér fyrst og fremst rætur í viðhorfinu til þess hvort ritskýringin skuli fara fram á sögulegum, gagnrýnum forsendum eða guðfræðilegum, kirkjulegum forsendum.¹

¹ Wolfgang Richter persónugerir hið kirkjulega/guðfræðilega viðhorf í „guðfræðingnum“ (þ. der „Theologe“) sem krefst þess að ritskýrandinn samþykki ákveðnar guðfræðilegar forsendur við rannsókn sína á viðfangsefninu, þ.e. Gamla testamentinu, sjá W. Richter, *Exegese als Literaturwissenschaft*, Göttingen, 1971, bls. 13. Richter, sem var prófessor við kaþólsku guðfræðideildina í München, var brautryðjandi í bókmenntafræðilegri rannsókn á Gamla testamentinu og lagði mikilvægan grunn að málvísindalegri rannsókn á biblíuhebresku út frá sjónarhorni strúktúralismans með aðstoð tölutækni, sbr. þriggja binda rit hans *Grundlagen einer althebräischen Grammatik*, sem haft hefur mikil áhrif á umfjöllun um hebreska málfræði síðan, sbr. t.d. Bruce K. Waltke og M. O'Connor, *Introduction to Biblical Hebrew Syntax*, Winona Lake, 1990, og Christo H.J. van der Merwe o.fl., *A Biblical Hebrew Reference Grammar*, Sheffield, 2000. Vísindaleg nálgun Richters var þyrnir í augum kirkjulegra yfirvalda og síðar neyddist hann til að hætta kennslu við guðfræðideildina þegar hann tók upp á því að kvænast, enda sjálfur prestur eins og tilfellið var með flesta ef ekki alla kaþólska

Gunnlaugur er sér fullkomlega meðvitaður um spennuna sem ríkir á milli hinnar vísindalegu aðferðar, eins og hann nefnir hana sjálfur, og þess sem hann kallar áhrifasögulega ritskýringu með vísan í bresku fræðimennina Paul M. Joyce og Diönu Lipton,² og þrátt fyrir að hann taki breska áhrifasöguskólann — og Joyce og Lipton sérstaklega — sér til fyrirmyndar (bls. 62) reynir hann að fara milliveg á milli áherslunnar á sögulega ritskýringu frumtextans annars vegar og túlkunar- og áhrifasögu hans hins vegar (bls. 65–66):

Í þessari bók verður farin nokkurs konar millileið milli þeirrar þungu áherslu á hina gagnrýnu rannsóknar- aðferð sem einkennið fræðilega umfjöllun um textana fram yfir miðja tuttugustu öld og þeirrar línu sem lögð hefur verið í Wiley-Blackwell ritröðinni ... Ekki verður horft fram hjá mikilvægi hinna gagnrýnu biblíurannsókna né heldur þeirri staðreynd að þær hafa oftar en ekki hagnýtt gildi við að kynna og útskýra framandi texta með skýrum og eins hlutlausum hætti og kostur er. ...

En hér verður líka tekið tillit til takmarkana þeirrar aðferðar og við því gengist að þar sé einungis að finna eitt sjónarhorn af fjölmörgum. Áhrifasaga biblíutextanna er nauðsynlegur þáttur allrar ritskýringar og í köflum þessarar bókar fær hún rými í samræmi við það mikilvæga hlutverk sitt. Alls staðar fer talsvert meira fyrir henni en niðurstöðum hinnar sögulegu rannsóknaraðferðar.

Þrátt fyrir þetta viðurkennir Gunnlaugur að „ef eitthvert sjónarhorn þyrfti að hljóta athygli umfram önnur þá væri það hið upprunalega“ og hlýtur þá að meina í samhengi gamlamente- mentisfræða yfir höfuð. En hann bendir einnig réttilega á að hin vísindalega rannsókn sé í sístæðri mótun og að niðurstöður hennar séu í sífelldri endurskoðun og veiti ekki svör við öllum spurningum sem kunni að vakna við lestur textans. Þess vegna búi áhrifasagan stundum „yfir þeim svörum sem hinar gagnrýnu rannsóknaraðferðir geta ekki svarað og ætluðu máské [sic] aldrei að svara“ (bls. 59). Hér orðar Gunnlaugur í raun grundvallaratriði, sem er spurningin um markmið rannsóknarinnar, skilgreiningu viðfangsefnisins og sjónar- hornið sem unnið er út frá. Í samhengi akademískra, gagnrýninna gamlamente- mentisfræða hlýtur ritskýringin — sem söguleg og textafræðileg rannsókn frumtextans — ávallt að vera grundvöllurinn að allri annarri umfjöllun um textana. Viðtengingarháttur þátíðar á því ekki við í orðum Gunnlaugs hér að ofan; hið „upprunalega“ sjónarhorn hlýtur að hljóta athygli umfram önnur í akademísku samhengi gamlamente- mentisfræða því að aðeins það hefur hinn upprunalega texta að viðfangsefni; áhrifasaga, hversu áhugaverð eða gagnleg sem hún kann að vera, hlýtur þannig ávallt að vera viðbót og vissulega mögulegt hjálpartæki³ en í raun má líta svo á að hún sé á mörkum gamlamente- mentisfræða, kirkjusögu, trúfræði og kennimann- legrar guðfræði.

Það er nálgun höfundar og rannsókn hans á áhrifasögu Sálmannna hins vegar mjög til framdráttar að hann skuli bæði í inngangi og niðurstöðukafla viðurkenna mikilvægi hinnar vísindalegu rannsóknar og gefa niðurstöðum hennar nokkurt rými í hverjum kafla. Það leikur ekki nokkur vafi á því að sú umfjöllun auðgar hina persónulegu upplifun lesandans af lestri hvers einstaks sálms og jafnframt að áhrifasöguhlutinn gerir það ekki síður, enda margt áhugavert og skemmtilegt efni sem höfundur dregur þar fram í dagsljósið. Ekki er um að villast að slík sambúð er vel til þess fallin að semja bæði fræðandi og skemmtilegt rit um texta Gamla testamentisins, aðgengilegt fyrir hinn almenna lesanda. Og andstætt því

guðfræðiprófessora á þeim tíma. Þá, árið 1983, fluttist hann yfir í deild fornaldar- og menningarfræða og tók þar við kennslu í úgarítískum og hebreskum málvísindum og bókmenntafræði.

² Gunnlaugur vitnar til rits þeirra um áhrifasögu Harmljóðanna í bókaflöknum Blackwell Bible Commentaries, *Lamentations Through the Centuries*.

³ Það er augljóst að sér í lagi rannsóknar- og túlkunarsaga texta Gamla testamentisins í samhengi gyðinglegrar og kristinnar túlkunarhefðar getur orðið ritskýranda innblástur til lausnar erfiðra túlkunarmála í frum- textanum og þá ber að hafa í huga að enginn ritskýrandi hefur eða myndi nokkurn tíma nálgast rannsókn textanna án þess að gefa gaum að rannsóknarsögunni fram að því.

sem talsmenn guðfræðilegrar túlkunar og áhrifasögu gætu haldið fram um þá fræðimenn sem leggja höfuðáherslu á gagnrýna, sögulega ritskýringu frumtextanna, þá eru þeir alls ekki *a priori* andsnúnir umfjöllun um guðfræði eða áhrifasögu í samhengi gamlatestamentisfræða; miklu frekar er þeim umhugað um skýra afmörkun og fræðilega skilgreiningu hinna ólíku sviða. Þannig samþykkir t.d. Wolfgang Richter að guðfræðileg túlkun texta þurfi alls ekki að vera í andstöðu við bókmenntalega rannsókn textanna en leggur áherslu á að hún geti þá aðeins átt sér stað í framhaldi af gagnrýninni rannsókn textans og verði að vera á aðferðafræðilegum grunni sem sé gagnsær og sannreynanlegur.⁴ Það má þó ljóst vera að í framkvæmd er líklegt að niðurstöður áhrifasögulegrar rannsóknar séu birtar út af fyrir sig en ráð sé gert fyrir sögulegri ritskýringu viðkomandi texta í öðrum sérhæfðum ritum. Sem skemmtilegt dæmi um áhrifasögulega grein eftir gamlatestamentisfræðing, sem í fræðaiðkun sinni hefur lagt áherslu á bókmenntafræðilega ritskýringu og málvísindalegar rannsóknir á biblíuhebresku, má nefna grein sem Theodor Seidl, prófessor emeritus í Würzburg, ritaði um tvær tónsetningar Ljóðaljóðanna í afmælisrit dr. Sigurðar Arnar Steingrímssonar, prófessors og aðalþýðanda Gamla testamentisins við nýju biblíuþýðinguna.⁵

Burtséð frá hinum aðferðafræðilegu þrætueplum sem hér hefur verið tæpt á skal það undirstrikað að hér er um afar eigulegt og áhugavert rit að ræða. Ritið er fyrst og fremst einstakt framlag höfundar til menningarsögulegra rannsókna fremur en textarannsókna en því skal samt haldið til haga að sú aðferð Gunnlaugs að fjalla um einstök túlkunar- og þýðingarvandamál textanna á grundvelli ólíkra þýðinga í íslenskum Biblíuútgáfum er áhuga- verð og snjöll leið til þess að opna hinum almenna lesanda sýn á vandamál sem alla jafna eru aðeins aðgengileg sérfræðingum. Þetta litla en mikilvæga atriði er um leið einkennandi fyrir alla nálgun í ritinu og markmiðið með því, sem er að „vekja áhuga þjóðarinnar á þeim dýrmæta arfi sem Davíðssálmar hafa að geyma“ (bls. 21). Skiljanlega gat höfundur ekki tekið fyrir alla sálma Saltarans en fyrir þá sem kynna vilja sér áhrif Sálmannanna á íslenska menningu er þessi bók viðamikil heimild um það efni.

Ekki er hægt að segja skilið við þetta umfangsmikla rit án þess að nefna meginniðurstöðu þess að mati höfundar enda virðist þar koma fram nokkuð annar skilningur á sambandi ritskýringar og áhrifasögu en inngangur ritsins gefur til kynna (bls. 583):

⁴ W. Richter, *Exegese*, bls. 16–17.

⁵ T. Seidl, „Das Hohelied in der musikalischen Avantgarde: Zwei Vertonungen des „Canticum Canticorum“ am Ausgang des 20. Jahrhunderts“, í H. Irsigler (ritstj.), *Wer darf hinaufsteigen zum Berg JHWHs? Beiträge zu Prophetie und Poesie des Alten Testaments: Festschrift für Sigurður Örn Steingrímsson zum 70. Geburtstag*, St. Ottilien, 2002, bls. 279–288. Í grein sem Seidl ritaði um bókmenntafræðilega aðferð við ritskýringu gamlatestamentistexta, bendir hann á það að reynslan af beitingu hinnar bókmenntafræðilegu aðferðar við rannsókn textanna í háskólakennslu sýni að hún sé í grunninn opin fyrir hvers kyns nýjum álitamálum sem trúarbragða- sögulegar, félagsfræðilegar, djúpsálarfræðilegar eða feminískar túlkunarleiðir, svo dæmi séu tekin, kunni að setja fram svo framarlega sem hinum aðferðafræðilegu skrefum sé haldið aðskildum, sjá T. Seidl, „Die literaturwissenschaftliche Methode in der alttestamentlichen Exegese: Erträge – Erfahrungen – Projekte. Ein Überblick“, í *Münchener Theologische Zeitschrift* 40:1/1989, bls. 36. Annað dæmi um áhrifasögulega umfjöllun er grein Hans Rechenmachers, prófessors í Würzburg og nemanda og áralangs samstarfsmanns Richters, um Móse eins og hann birtist hjá Goethe: H. Rechenmacher, „Goethes Mosebild“, í *MThZ* 56:4/2005, bls. 318–326.

Ein meginniðurstaða þessarar bókar er sú að það er gefandi fyrir biblíufræðin að leggja ekki bara stund á þau sem sögulegar heimildir, jafn heillandi og þau fræði eru, heldur leyfa líka áhrifasögu og framhaldslífi textanna að fá sitt rými. Þá á ég við að þau séu ekki bara stunduð sem hefðbundin, gagnrýnin ritskýring heldur sé notkun og túlkun textanna á margvíslegum sviðum þjóðlífsins gaumur gefinn, þ.m.t. í ýmsum greinum bókmennta og lista.

Hér gerir Gunnlaugur réttilega skýran greinarmun á ritskýringu og áhrifasögu en aðgreining er því miður ekki skýr í því sem sagt er um ritskýringu og áhrifasögu í inngangi bókarinnar. Það er sannarlega hægt að taka undir með Gunnlaugi um að það geti verið gefandi fyrir biblíufræðin að huga að viðtöku- eða áhrifasögu textanna og að biblíufræðin sem slík felist ekki aðeins í hefðbundinni gagnrýninni ritskýringu. Aðrar meginniðurstöður ritsins eru þær annars vegar að líta megi á Saltarann sem guðfræðilega þungamiðju Gamla testamentisins (með vísan í gamlatestamentisfræðinginn John Barton og Marteín Lúther) (bls. 584) og hins vegar að á Slm 23 megi líta á sem áhrifasögulega þungamiðju Saltarans (bls. 585–586). Þegar öllu er á botninn hvolft má — í ljósi aðferðafræðilegrar nálgunar Gunnlaugs og niðurstaðna bókarinnar — gera sér vonir um að Áhrifasaga Saltarans marki veginn fyrir enn frjósamari sambúð hinna tveggja rannsóknarsviða sem hér hafa verið rædd í gamlatestamentisfræðum á Íslandi.